

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands um endurgreiðslu kostnaðar vegna sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni með hraðprófum.

1. gr.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að endurgreiða kostnað við töku hraðprófa hjá aðilum sem sinna sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni með hraðprófum, sbr. reglugerð nr. 1040/2021 um endurgreiðslu kostnaðar vegna sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni með hraðprófum.

2. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands er með eftirfarandi hætti (heildarverð):
Fyrir hvert hraðpróf 4.000 kr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stöð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 1040/2021, um endurgreiðslu kostnaðar vegna sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni með hraðprófum, öðlast þegar gildi og tekur til kostnaðar vegna sýnatöku til greiningar á SARS-CoV-2 veirunni með hraðprófum á sama tímabili og kveðið er um í reglugerð nr. 1040/2021.

Sjúkratryggingum Íslands, 17. september 2021.

María Heimisdóttir.

Júliana Hansdóttir Aspelund.